

Norðurport ehf. Kt 591115-0220  
Logasalir 6 201 Kópavogi

Kópavogi 19 desember 2016.

Bæjarráð Hafnarfjarðar.  
b.t. hr. bæjarstjóra Haraldur Líndal Haraldsson .

Varðar: Gjáhella 13 lóðarumsókn.

Undirritaðir fyrir hönd Norðurports ehf. eignarhaldsfélags. sækja hér með um iðnaðar og atvinnulóðina Gjáhellu 13 í Hellnahrauni 2 áfanga.  
Norðurport ehf. er eignarhaldsfélag sem sérhæfir sig í byggingu, kaupum sölu og leigu á atvinnuhúsnæði.

Á lóðinni áformar fyrirtækið að byggja atvinnuhúsnæði eins og meðf. yfirlitsuppráttur sýnir.

Byggingarnar skiptast í 3 sjálfstæðar einingar, og er miðað við að framkvæmdum sé skipt þannig að hús merkt A. byggist fyrst þá hús merkt B og lokaðangi hús C.

Miðað er við að byggt verði með jöfnum hraða og áætlaður byggingatími 1 áfanga 15 mánuðir, heildar byggingatíminn er áætlaður ca. 2 ár, þannig ef framkvæmdir hefjast við hús A í febrúar mars 2017 verði heildar framkvæmdum lokið í mars apríl 2019.

Byggingaráformin miða við að byggingarnar sé formaðar í einingum þannig að mögulegt sé að koma til móts við mismunandi þarfir kaupenda og eða leigjenda um mismunandi stærðir eininga.

Áætlaðar stærðir bygginga er:

Hús A 12 einingar = 868,0 m<sup>2</sup> auk millilofta 434,0 m<sup>2</sup>.

Hús B 6 einingar = 225,0 m<sup>2</sup> auk millilofta 105,0 m<sup>2</sup>.

Hús C 5 einingar = 187,5 m<sup>2</sup> auk millilofta 87,5 m<sup>2</sup>

Samtals eru byggingaáform þá í einu plani : 1.280,5 m<sup>2</sup>, auk millilofta 626,5 m<sup>2</sup>.

Samtals heildar byggingamagn: 1.907,0 m<sup>2</sup>.

Flatarmál lóðar er 3.691,0 m<sup>2</sup>. Nýtingahlutfall lóðar miðað við áformaðar byggingar er 0,52.

Þá er það er ósk félagsins að bæjaryfirvöld samp. að greiðslur vegna einstakra áfanga fari fram í samræmi við áætlað framkvæmdaplan.

Stjórn Norðurport s ehf. er þannig skipuð Friðjóni Hólmbertssyni og er hann einnig framkvæmdastjóri og er einn með prókúru. Varamaður í stjórn er Sæunn Sylvía Magnúsdóttir

Formaður og prókúruhafi:  kt. 111269-3009

Með ósk um að bæjaryfirvöld sjái sér fært að verða við erindinu.

Virðingarfyllst.  f.h. Norðurports ehf.

